



Reykjavík, 8. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Umsögn Skeljungs hf. um mál nr. 235.

Skeljungur hf. hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis, tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að verja vatnsból sveitarfélaganna á Suðurnesjum.

Tillagan felur í sér að gripið verði til ráðstafana á 5 kílómetra vegakafla á Grindavíkurvegi til að verja vatnsból Suðurnesjamanna. Skeljungur hf. hefur á fyrri stigum í umsögnum til Alþingis lagt til aðgerðir sem huga mætti að í þeim tilgangi að draga úr áhættu af umferð og flutningum um Grindavíkurveg. Hefur þar m.a. verið lagt til að farið yrði í kynningu og merkingu á áhættusvæðum, sem nú þegar er að hluta komið til framkvæmda, beitt yrði hraða- og hugsanlega umferðartakmörkunum, að ýrústu kröfur verði gerðar til tækja og bílstjóra sem annast flutninga inn á svæðið og að gerð verði björgunaráætlun vegna mengunaróhappa. Þá hefur verið bent á að síðari aðgerðir gætu orðið róttækari og kostnaðarmeiri, t.d. vegabætur, eins og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögunni.

Skv. framansögðu styður Skeljungur hf. því framkomna tillögu til þingsályktunar, sem felur í sér aðgerðir sem draga úr líkum á óhöppum á vatnsbólasmvæði að Lágum við Grindavíkurveg og telur þær til þess fallnar að auka öryggi á svæðinu. Jafnframt er áréttað mikilvægi annarra þátta er lúta að fræðslu, kynningu og forvörnum hverskonar, með þátttöku sem flestra hagsmunaaðila.

Virðingarfyllst,
SKELJUNGUR HF.

Kristinn Björnsson
forstjóri